



## Fundagerð 161. fundar stjórnar VM

fimmtudaginn 17. Febrúar 2022, kl. 11:00. VM húsinu, Stórhöfða 29.

**Mættir:** Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Andrés Bjarnason.

**Á fjarfundi:** Einar Sveinn Kristjánsson, Svanur Gunnsteinsson, Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Jóhann Erlingsson.

### Dagskrá:

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 160.
2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.
3. Samvinna á Stórhöfða.
4. Dagskrá Aðalfundar.
5. Styrkbeiðnir.
6. Lagt fram til upplýsingar.
7. Önnur mál.

#### 1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 160.

Gerð var athugasemdir við fundargerðina. Og var hún rædd.

#### 2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.

Formaður, fundir vegna fiskimannasamnings, bæði með SGS hjá Sáttasemjara og í vinnuhópum sem vinna að ákveðnum málum sem verið er að ræða. Einnig var fundað um sóttvarnir í skipum vegna Covid.

Lífeyrisnefnd ASÍ fundaði um breyttan lífaldur, þar sem m.a., framkvæmdastjóri Birtu, og fulltrúar frá Gildi voru með kynningu. Formaður hefur áhuga á að fá framkvæmdastjóri Birtu til að halda kynningu fyrir stjórn, lífeyrisnefnd VM og fulltrúa VM í fulltrúaráðum lífeyrissjóða.

Fulltrúaráðsfundur VM þann 10. febrúar 2022. Salurinn var ekki tilbúinn, hljóðkerfi og búnaður til upptöku og útsendingar var ekki kominn og því ekki hægt að vera með útsendingu af fundinum.

Þegar salurinn verður tilbúinn verður ekkert því til fyrirstöðu að funda þar.

Búið er að opna sameiginlega móttöku félaganna á Stórhöfða.

Hrafnista: Vélstjórar óánægðir með hvað þeir eiga fáa fulltrúa í stjórn þar. Formaður hefur verið varamaður þar og var í fyrsta sinna kallaður á stjórnarfund þar.

Orlofshúsakerfinu í Jóakim verður fljótlega lokað. Ákveðið var að fara í nýtt kerfi, sem verður tekið í gagnid á morgun (18. febrúar).

Fyrirspurn um sóttvarnir í skipum, hvort eitthvað nýtt lægi fyrir. Svo var ekki en nú ræða menn afléttingar. Mál vegna veikindalauna vegna Covid eru að koma upp. Sumar útgerðir séu hættar að greiða veikindalaun og vísa á Vinnumálastofnun.



### 3. Samvinna á Stórhöfða.

Formaður sagði frá því að verið væri að leita að hagfræðingi sem vinna á með kjaradeild 2F. Í síðustu samningum við SA var hagfræðingur fenginn til að vinna með samninganefndum iðnfélaganna. Verkefni viðkomandi verða meira í málum er varða iðnaðarmenn s.s. laun, skattamál o.fl.

Viðkomandi verður í verktakavinnu. Spurt var um hagfræðinga ASÍ, af hverju ekki væri hægt að nota þá. Formaður svaraði að verið væri að tala um að viðkomandi vinni sértækari verkefni en þeir hjá ASÍ vinna.

Sameinleg móttaka félaganna opnuð svo nú koma félagsmenn félaganna þangað.

### 4. Dagskrá Aðalfundar.

Lög VM - á aðalfundi eru eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins og sjóða.
3. Ákvörðun um löggilta endurskoðendur.

*Tillaga GHP að hafa sama endurskoðanda/fyrirtæki, E&J. Það samþykkt samhljóða.*

4. Ákvörðun stjórnarlauna.

*Hafa fylgt launataxta sveina í almenna samningi VM. Laun miðast við 8 dagvinnutíma og 4 yfirvinnutíma. Samþykkt að viðhafa sama hátt núna.*

5. Lagabreytingar og reglugerðir.

Sigurður Gunnar hafði farið yfir lög VM og gert, ásamt GHP, tillögur að breytingum sem kynntar voru á fundinum.

GHP leggur til að a.m.k. breyting á 34. grein laganna, um sameiningu við annað félag, þess efnis að um að aukinn meirihluta þurfi í allsherjaratkvæðagreiðslu til að samþykkja sameiningu við önnur félög, verði lögð fyrir aðalfund VM árið 2022 og var það samþykkt. Að öðru leyti var ákveðið að vinna áfram með skjalið sem þeir höfðu unnið. GHP mun láta lögfræðinga ASÍ fara yfir tillögurnar áður en hann leggur þær fyrir aðalfund.

6. Lýst kjöri stjórnar.
7. Kjör í nefndir og sjóða.
8. Kjör kjörstjórnar. - alltaf kosið um hana
9. Kjör uppstillingarnefndar.
10. Önnur mál.

Formaður gerði tillögu að atriðum að ræða undir liðnum önnur mál á aðalfundi 2022. Leggur til að framkvæmdastjóri 2F, verði fengin til að kynna Hús fagfélaganna (2F). Einnig að fenginn verði aðli frá lífeyrissjóðnum til að fjalla um áhrif breytinga á lífaldri.

Formaður lagði fram tillögur að heiðursfélaga og gullmerki VM.

Heiðursfélagi: Vignir Eypórsson



#### **5. Styrkbeiðnir.**

Á síðasta stjórnarfundum var kynnt beiðni Félags eldri borgara um styrk vegna málaferla Gráa hersins. Þá var óskað eftir gögnum frá FEB sem ekki hafa borist.

#### **6. Lagt fram til upplýsingar.**

Samskipti vegna hvíldartíma sjómanna. Formaður mun fá lögmann félagsins eða einhvern utanaðkomandi lögmann til að vinna svar.

#### **7. Önnur mál.**

Komandi stjórnar og formanskjör. Reglur um kynningar. Formaður ekki sammála tillögu kjörnefndar um einungis 3 einföld fréttabréf án kynninga þeirra frambjóðenda sem vilja vera með. Samþykkt að kynningarefni frá VM verði með sama hætti og í kosningunum 2018.

Fyrirspurn um greiðslu launa og ferðakostnaður vegna fulltrúaráðsfundar.

Ferðakostnaður var greiddur en spurt var um laun vegna vinnutaps við að sækja fundinn.

Fundarmenn ekki vissir um hvort þetta hafi verið greitt. Ákveðið að láta kanna málið.

Einar Sveinn spurði um greiðslur fyrir vinnu samninganefnda. GHP sagði halda að dæmi um að greitt hafi verið fyrir þessa vinnu þegar verkfall er komið á. Ákveðið að skoða nánar fyrir næsta fund.